

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 290

júní 2015



GUDRUN BJÖRT YNGVADÓTTIR
PAST INTERNATIONAL DIRECTOR
LIONS CLUB INTERNATIONAL



We Serve

Júní 2015. Blað nr. 290
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109. Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122

Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Sigríður

Þorvaldsdóttir Kvaran



**FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2014 – 2015**

Fjölumðæmisstjóri: Tryggvi Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.
Umdæmisstjóri 109A: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn.
Umdæmisstjóri 109B: Ingimundur G. Andrússon, Lkl. Patreksfjarðar.
Fjölumðæmisritari: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu.
Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri:

Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Vara fjölumðæmisstjóri:

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Protokol- og þingstjóri og NSR
Coordinator: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Umhverfisstjóri: Kristófer A.

Tómasson, Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Porkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur

Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri (útbreiðsl og fjölgun):
Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl. Seylu.

NSR-AU nefndarmaður: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón

Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.

Unglingaskiptastjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnarmaður og ráðgjafi alþjóðaforseta: Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik.

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson, Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Daniel Þórarinnsson, Lkl. Nirði.

Laganefnd (form.): Kristinn Kristjánsson, Lkl. Hveragerði

Lions Quest stjóri: Magnús J.

Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri 109A: Jón

Pálmason, Lkl. Víðarri.

Varaumðæmisstjóri 109B: Stefán

Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Gunnar Vilbergsson, Lkl.

Grindavíkur.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl.

Rán,

Framkvæmdastjórn

Lionsshreyfingarinnar 2014 – 2015:

International President: Joseph

Preston USA

Immediate Past President: Barry J.

Palmer Ástralía

First Vice President: Dr. Jitsuhiro

Yamada Japan

Second Vice President: Bob Corlew

USA

First Year Directors:

Svein Øystein Berntsen,

Jorge Andrés Bortolozzi,

Eric R. Carter

Charlie Chan,

Jack Epperson,

Edward Farrington,

Karla N. Harris

Robert S. Littlefield, Ph.D.

Ratnaswamy Murugan,

Yoshinori Nishikawa,

George Th. Papas,

Jouko Ruissalo,

N.S. Sankar,

A.D. Don Shove,

Kembra L. Smith

Dr. Joong-Ho Son

Linda L. Tincer

Second Year Directors

Fábio de Almeida,

Lawrence A. „Larry“ Dicus

Roberto Fresia

Alexis Vincent Gomés

Chynthia B. Gregg,

Byung-Gi Kim

Ester LaMothe

Yves Léveillé

Teresa Mann

Raju V. Manwani

William A. McKinney

Michael Edward Molenda

John Pettis, Jr.

Robert Rettby,

Emine Oya Sebük

Hidenori Shimizu

Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd tók Jón Pálmason.

Forsíðumynd: Guðrún Björt

Yngvadóttir sem verður í kjöri til

annars varaforseta Lionsshreyfing-

arinnar á alþjóðþinginu í Japan

2016.

Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er komið að síðasta blaði þessa starfsárs. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að heilt ár sé liðið frá því að ég tók við sem ritstjóri. Ýmislegt hefur komið upp við útgáfuna og hef ég gert fjöldamörg mistök sem ég vona að félagar fyrirgefi mér. Það er nokkur vinna að sjá um blaðið og gera það þannig úr garði að vel sé og ég vona að lesendur séu sáttir með útkomuna. Ég er í það minnsta reynslunni ríkari og ætla að mistökin verði færri á næsta starfsári.

Þetta blað er nokkuð lítað af þingi hreyfingarinnar á Íslandi sem haldið var á Seyðisfirði nú um miðjan maí. Það þing var í alla staði vel heppnað og klúbbunum sem um það sáu til mikils sóma.

Ég þakka öllum þeim sem sendu greinar í blaðið í vetur fyrir gott samstarf eins þeim þýðendum sem hafa þýtt greinar í blaðið. Þeir þýðendur sem ég leitaði mest til voru: Edda Briem, Geir Hauksson, Kristinn Hannesson og Guðrún Björt Yngvadóttir. Ég vona svo sannarlega að ég megi njóta krafta þeirra áfram næsta vetur.

Næsta blað er væntanlegt um miðjan september og er skilafrestur í blaðið nefndur hér að neðan.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Boð á Alþjóðafingið

Joesph Preston

alþjóðaforseti



Í samræmi við alþjóðalög Lions, boða ég hér með til alþjóðafings 2015.

98. alþjóðafing okkar verður haldið í Honolulu, Hawaii í Bandaríkjunum. Það hefst 26. júní og lýkur 30. júní Tilgangur þingsins er að kjósa forseta, fyrsta varaforseta, annan varaforseta og 17 alþjóðastjórnarmenn og til að afgreiða önnur mál sem lögð eru fyrir þingið.

Hawaii er frábær vettvangur fyrir þingið okkar. Hawaii státar af ótrúlegri náttúruvegurð, frá háum klettum á Napali ströndinni á Kauai til glóandi hraunstraums frá Kilauea eldfjallinu í hlíðum Mauna Loa. Ráðstefnumiðstöðin á Hawaii er verðugur mótaleikari við heillandi umhverfið. Í hinum ótrúlegu húsakynnum eru hvissandi fossar, kyrrlátar fiskatjarnir og heillandi innigarðar.

Á dagskrá þessa fimm daga, verða frægir ræðumenn, fyrsta flokks skemmtikraftar, tónlist innfæddra, dans og matur, og auðvitað, fastir liðir á Lionsþingum, eins og skrúðganga þjóðanna, innsetning nýs alþjóðaforseta og þrír þingfundir sem sýna ótrúlega fjölbreytni og umfang Lions verkefna. Tim Shriver, formaður "Special Olympics" (Ólympíuleika fatlaðra) mun halda aðalræðuna og "Save the Children" (Barnaheill) munu fá Mannúðarverðlaun Lions 2015 (Lions Humanitarian Award). Annar hápunktur er þegar tilkynnt er um sigurvegara í Friðar-veggsþjaldakeppni og Friðar-ritgerðarsamkeppni Lions.

Á alþjóðlegu sýningunni verður rokkstjarnan Kenny Loggins, Mickey Thomas söngvari í rokkhljómsveitinni Jefferson Starship og Steve Augeri söngvari í rokk-

hljómsveitinni Journey. Skemmtiatriði á þingfundi verður meðal annars glæsilegt atriði úr "Lion King", Hawaii-sýning og stórkostlegur diskódans.

Þingvikin er glæsileg og ógleymanleg upplifun, troðfull af gleði, vináttu og lærdómi. Lionsfélagar á Hawaii munu bjóða gesti sína velkomna með Aloha. Ég hvet ykkur eindregið til að styrkja samstarfið með stolti og hitta þúsundir Lionsféлага á Hawaii.

Bestu kveðjur,

Joe Preston

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Guðrún Björt Yngvadóttir

Þetta er heimur Lions og við erum ánægð með það

Júní pistill Alþjóðaforseta

Það var heiður að þjóna sem Alþjóðaforseti ykkar 2014-2015. Þetta meina ég af öllu hjarta. Það var heiður að heimsækja og skoða skóla í Indlandi sem hefur verið rekinn af Lions í Delhi í 52 ár. Það var heiður að skoða Lionsstyrkta miðstöð í Frakklandi þar sem eru stundaðar rannsóknir á sjaldgæfum sjúkdómum og einnig var heiður að fá að fylgjast með skólabeck af börnum í Tyrklandi sem bæði voru blind og daufdumb. Ferðalög okkar Joni um heiminn hafa gefið okkur tækifæri til að sjá hvað Lionsfélagar um veröldina eru að gera fyrir sín byggðarlög og leggja lið. Í 98 ár hefur Lionshreyfingin verið að styrkjast, og þetta ár er engin undantekning. Á árinu 2014-2015

sýndu Lionsfélagar að hugmynd Melvin Jones um að fólk með svipaðan þankagang mundu sameiginlega hjálpa til í sínu nágrenni, hefur heppnast og nær yfir landamæri nútíma-veraldar. Mín einkunnarorð voru að „Styrkja stoltið“. Og stolt mitt af Lions hefur styrkst mikið á þessu ári. Ég þakka klúbbsformönnum, umdæmisstjórum og öllum einstökum lionsfélögum. Við höfum séð fjölgun sem er mjög góða byrjun á afmælisárinu ásamt stórum hlutum eins og barnahjálp og baráttu gegn mislingum. Joni og ég þökkum Lionsfélögum fyrir gestrisnina á árinu og ég vil einnig þakka Lionsfélögunum fyrir frábæra þjónustu á árinu. Áður en ég tók við sem

Alþjóðaforseti hélt ég að ég hefði góða hugmynd um starfsemi Lionsfélagana, en öll þessi umsvif og verkefni hafa farið fram úr öllu sem ég hefði trúað. Ég hlakka til að hitta mörg ykkar á næsta alþjóðafingi og ég tala nú ekki um Aldarafmælið í Chicago árið 2017.

Joe Preston

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson

Skilafrestur á efni í næsta blað er 3. september

Ágætu lionsfélagar



Undanfarnar vikur og mánuði höfum við, viðtakandi umdæmisstjórar, verið að undirbúa næsta starfsár m.a. með því að skipa í umdæmisstjórnir og setja fram markmið. Það að setja fram markmið skiptir öllu en það krefst líka vinnu. Markmiðin þurfa að vera tímasett, skrifleg og raunhæf, þannig eru þau drifkraftur til góðs árangurs.

Það má segja að markmiðin eins og við kynntum þau á þinginu á Seyðisfirði 15. og 16. maí séu rammí utan um starfið, skýri áherslur um hvernig við viljum vinna og hverju við viljum ná fram.

Helgina 29. til 30. ágúst munum við boða umdæmisstjórnirnar til fundar þar sem við verðum með ítarlega kynningu á markmiðum okkar. Það verður síðan verkefni hvers fagteymis fyrir sig að finna leiðir til að ná settu marki og ákvarða mælistikur sem notaðar verða til að mæla árangur til lengri og skemmi tíma.

Þessi markmið kynntum við á þinginu í vor. Hér á eftir ætlum við að segja ykkur stuttlega frá þessum markmiðum. Við gerum ráð fyrir að hvert fagteymi verði svo með ítarlegri kynningu í næsta lionsblaði.

Félagamál

Við höfum sett okkur ákveðin markmið í félagamálum og voru þau kynnt á sérstökum fræðslufundi um félagamál á þinginu.

Við teljum:

- Lag til að bæta við klúbbum, þar þarf að skoða landakortið og biðjum við Lionsfélaga að hjálpa okkur og koma til okkar tillögum.
- Að besta leiðin til að fá fleiri félaga til liðs við okkur sé að kynna vel það góða starf sem við vinnum.
- Að vinna þurfi í að styrkja núverandi klúbba innan frá svo starfið verði skemmtilegt og gefandi. Skemmtilegt orðspor, það

að njóta ánægju af því að starfa í lions hlýtur allaf að vera grundvallar atriði bæði til að halda í núverandi félaga og fá nýja til starfa.

Við munum leggja sérstaka áherslu á að félagateymið GMT og fræðsluteymið GLT vinni saman.

Fræðslumál

Markmið okkar er að efla og auka fræðslu. Nú í vetur var góð aðsókn í leiðtogaskólann og meðalaldur þátttakenda hefur aldrei verið lægri. Þetta vekur von í brjósti um að hjartari tímar séu framundan og að við höfum möguleika á að sækja fram. Þess vegna viljum við líka að fræðsla sé flutt út á land og á næsta starfsári verði einnig gerð tilraun til að halda leiðtogaskóla á landsbyggðinni. Þá er í undirbúningi annað námsefni sem nýst gæti klúbbum í að byggja upp starf sitt.

Fjármál

Undanfarnar vikur höfum við verið að vinna áætlun um hvernig við viljum standa að rekstri hreyfingarinnar á næsta ári. Rekstri skrifstofunnar verður breytt og uppsetningu bókhalds einnig. Markmiðið með þeim breytingum er að auðveldara verði fyrir þá sem stjórna hreyfingunni hverju sinni að nálgast upplýsingar um stöðu fjárhags og að hvert teymi fái þá upplýsingar um fjárhagsstöðu sinna verkefna. Annað sem við viljum leggja áherslu á í rekstrinum er að færa meðferð þess fjármagns sem við höfum yfir að ráða nær þeim sem hafa umsjón með og stjórna viðkomandi verkefni, þ.e. hverju teymi fyrir sig. Markmið okkar með þessum breytingum er að nýta fjármagn betur og halda rekstrarkostnaði ávallt í lágmarki og síðan munum við á fyrsta umdæmisfundi í haust óska eftir því að hvert teymi vinni starfsáætlun sem byggir á því fjármagni sem úthlutað hefur verið til þess.

Samvinna - samstarf - liðsheild

Við leggjum mikla áherslu á samvinnu og samstarf, þannig náum við fram sterkri liðsheild. Í hreyfingunni höfum við fjölda einstaklinga sem hafa mikla reynslu af lionsstarfi og eru duglegir að miðla þeirri reynslu til okkar sem óreyndari erum. Það er ómetanlegt.

Markmið okkar er að virkja öll teymin, tryggja að þau starfi, hafi verkefni og markmið til að vinna að. Eins og áður kom fram viljum við ná þessu með því að tryggja í upphafi starfsársins að hvert teymi hafi ákveðið fjármagn til ráðstöfunar og að á fyrsta fundi fjölumdæmisins vinni teymin starfsáætlun þar sem fram komi „Hvað - Hvenær - Hvar - Hvernig“. Þannig teljum við okkur geta virkjað þann sköpunarkraft sem í hverju teymi býr og tryggt að fjármagnið sé vel nýtt.

Heimasíða

Síðastliðið rúmt ár hefur heimasíða okkar ekki verið sem skyldi. Við höfum nú skipað verkefnisteymi til að stjórna uppbyggingu hennar og er markmið okkar að um áramót verði hún tilbúin.

Kynningarmál

Markmið okkar er að hreyfingin verði vel kynnt, verði sýnileg og reglulega verði fjallað á jákvæðan hátt um það góða starf sem við erum að vinna. Við viljum efla það teymi sem sér um kynningarmál okkar. Það mun m.a. sjá um rekstur heimasíðunnar eftir að hún hefur verið byggð upp, vinna með ritstjóra Lionsblaðsins og stýra öllum kynningarmálum hreyfingarinnar.

Að lokum

Nú þegar styttest í að nýtt starfsár hefjist viljum við gjarnan fá að heyra frá ykkur ágætu lionsfélagar um allt það sem ykkur liggur á hjarta varðandi starf okkar bæði það sem vel er gert og einnig það sem betur má fara. Ef þið hafið hugmyndir um hvernig við getum nálgast nýja félaga, stofnað nýja klúbba eða komið starfi lions á framfæri þá endilega látið í ykkur heyra. Góðar hugmyndir eru ALLTAF vel þegar.

Verum stolt af góðu starfi, njótum þess sem við gerum og höfum gaman.

*Jón Pálmason verðandi umdæmisstjóri í 109 A
Stefán Árnason verðandi umdæmisstjóri í 109 B*

Kæru Lionsfélagar



Ég vil byrja á að þakka það mikla traust sem mér er sýnt með kjöri mínu í embætti fjölumdamisstjóra fyrir komandi starfsár. Það er að venju gnægð verkefna sem við komum til með að fást við á starfsárinu, þar á meðal föst verkefni sem alltaf er á dagskrá hjá okkur eins og verkefni tengd sjónvernd, sykursýkivörnum, fræðslu fyrir félagana og fleira.

Á næsta starfsári eru tvö ný embætti í fjölumdamisráði og umdamisstjórnunum. Þessi nýju embætti eru „Lestaráttaksstjóri“ sem munu fara með málefni lestaráttaksins sem Wayne Madden fyrirverandi Alþjóðaforsætli Lionshreyfingarinnar hleypti af stokkunum á starfsárinu 2012-2013 og er ætlað sem 10 ára verkefni. Sama vetur var sett á laggimar nefnd til að vinna að þessu verkefni og sá nefndin m.a. um að láta framleiða bókamerkin sem þið þekkið öll og er ætlunin að gefin verði öllum 10 ára börnum í grunnskólum landsins á hverju ári á þessum 10 árum. Nefndin hefur skipulagt og haldið þrjár námsstefnur um treglæsi og hafa þær verið í Norræna húsinu. Á þessum námsstefnum hefur menntamálaráðherra og fræðimenn á þessu sviði haldið mjög fróðleg erindi. Nefndin hefur unnið með samtökunum IBBY og fengið klúbba til að styrkja verkefnið „Bók handa 6 ára börnum“, en allt þetta er liður í að auka áhuga barna á lestri.

Í lestraráttaksnefndinni voru þær Dagný Finnsdóttir Lkl. Úu, Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl Eik, Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold og Jórunn Guðmundsdóttir Lkl. Ýr, ég vil þakka þeim stöllum fyrir vel unnin brautryðjendastörf í þessu verkefni.

Hinsvegar er embætti sem er sett á stofn að ósk alþjóðastjórnar Lions en það er „Konur í Lions“ eða GMT- Woman Specialists eins og þetta embætti er kallað, en hugsunin er að þær/ þeir sem skipa þessi embætti vinni náið með GMT teymi og markmiðin eru:

- a) Að fjölga konum í Lions
- b) Að fjölga konum í forystu Lions

GMT-Woman Specialists er hluti af GMT teymi í umdæmum og fjölumdamí og eiga að vinna saman á landsvísi og í GMT teymi sem vinnur með NSR-GMT kvenna vinnuhóp þar sem er einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna og er Guðrún Björt Yngvadóttir fulltrúi Íslands á þeim vettvangi.

Húsnæði Lionshreyfingarinnar hefur verið gagnrýnt um árábil, þar er erfitt aðgengi fyrir hreyfihlaða og þá einstaklinga sem eru komnir af léttasta skeiði. Á Fjölumdamisþinginu á Seyðisfirði nú í maí mánuði var tekið ákvörðun um sölu á húseign Lionshreyfingarinnar að Sóltúni 20 og var fjölumdamisstjórn veitt heimild til að selja húsnæðið og kaupa annað húsnæði sem hentar þörfum hreyfingarinnar og uppfyllir kröfur vegna aðgengis og aðstöðu, án þess þó að efnt verði til teljandi skulda. Við munum einsetja okkur að finna húsnæði sem uppfyllir þessar kröfur og er í takt við samþykkt frá þinginu.

Fræðsla Lionshreyfingarinnar fyrir félagana sína hefur verið í öndvegi um árábil og greinilegt er að slíkt skilar sér með vel upplýstum félögum og góðum leiðtogum en eins og sagt hefur verið „fróður félagi er góður félagi“. Lionshreyfingin hefur á að skipa mjög öflug fræðsluteymi sem lionsfélagar hafa kynnst í skólunum á þingum og í Leiðtogaskóla Lions. Við bindum miklar vonir við störf fræðsluteymis framtíðarinnar og vonumst til að sjá fleiri góða félagana koma að

þessu mikilvæga verkefni. Ég vil hvetja klúbba til að skoða þann möguleika að óska eftir fræðslu á heimasvæði klúbbanna.

Lionsvefurinn hefur verið eitt stærsta vandamál okkar á starfsárinu en ráðist var á hann af tölvuþrjótum síðasta sumar, þess vegna þarf að setja upp nýjan og öruggan vef. Nýr vefur er dýr í uppsetningu og hönnun en búið var að gera ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun sem lögð var fram til samþykkt á Fjölumdamisþinginu en fram kom breytingatillaga á fjárhagsáætlunina um að fjölumdamisgjald næsta starfsárs væri hækkað um 500 kr. á félagi til að mæta þessum kostnaði, þessi hækkun á eingöngu við um næsta árgjald, breytingatillaga þessi var samþykkt. Við vonumst til að vefmálin verði farin að skýrast vel í upphafi starfsárs en núverandi ástand getur ekki gengið lengur.

Kjör Guðrúnar Bjartar Yngvadóttir sem frambjóðanda til 2. varaforseta Lions International er fyrst og fremst ákaflega ánægjulegt fyrir hana og fjölskyldu hennar en ekki síður erum við lionsfélagar á Íslandi ákaflega stoltir og styðjum hana heilshugar á vegferðinni framundan en verði hún kjörin í embætti alþjóðaforsætla verður hún fyrsta konan til að gegna því embætti.

Ég vil fyrir hönd okkar lionsfélaga þakka fráfarandi stjórnendum hreyfingarinnar fyrir fyrir góð og vel unnin störf í þágu Lions og fyrir samstarfið á starfsárinu sem senn er liðið.

Það tíðkast í okkar félagsskap að stjórnendur velji sér kjörorð fyrir sitt starfsár og hef ég valið mér sem mín kjörorð „Lions leggur lið“ en það er höfuð markmið okkar lionsfélaga að leggja lið og hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi og leggja öllum góðum málum lið.

Góðir lionsfélagar ég vil óska ykkur gæfu í störfum ykkar fyrir Lionshreyfinguna sem og öðrum störfum sem þið sinnið í framtíðinni.

*Guðmundur Helgi Gunnarsson
verðandi fjölumdamisstjóri*

Minning † Jóhann Ingimar Hannesson



Jóhann Ingimar Hannesson lést 17. janúar 2015.

Jóhann var einn af stofnfélögum Lionsklúbbsins Keilis á Vatnsleysuströnd, sem stofnaður var fyrir 40 árum. Hann var mjög virkur í klúbbnum alla tíð, sá um mörg verk jafnt stór sem smá og taldi aldrei neitt eftir sér. Þá átti Jói, eins og hann var alltaf kallaður, bók fulla af skemmtisögum og bröndurum sem hann las upp úr á góðum stundum og höfðu allir gaman af. Við sjáum á eftir góðum félaga sem við viljum kveðja með virðingu og þökkum fyrir samfylgdina. Innilegar samúðarkveðjur til fjölskyldu og vina

Lionsklúbburinn Keilir

Pistill fjölumðæmisstjóra

Tryggvi Kristjánsson

Fjölumðæmisstjóri 109 B



Þá er starfsárið að líða undir lok, og þar með mínu ári sem fjölumðæmisstjóri. Það hefur verið skemmtilegt að takast á við þetta verkefni, stundum strembið en umfram allt gefandi og lærdómsríkt. Margar ánægjustundir hef ég átt með Lionsfélögum í gegnum tíðina, og var ekki breyting á því á Seyðisfirði 15.-16. maí sl. En þá

héldu Lkl. Seyðisfjarðar og Lkl. Múli 60. Fjölumðæmisþing Lions. Að mínu mati var þetta eitt af betri þingum sem ég hef sótt. Skipulagning var góð og allt stóðst, kynningar- kvöldið tókst vel og lokahófið einnig. Ég vil færa klúbbnum mínar bestu þakkir fyrir gott starf, því ég veit að svona viðburður er ekki undirbúin á stuttum tíma. Enda eins og kom fram hjá klúbbfélögum, tók það hátt í tvö ár.

Það var mjög ánægjulegt að þingið skyldi samþykkja sölu á Lionsheimilinu og veita Fjölumðæmisstjórn heimild til að kaupa annað hentugra hús í staðinn. Því eins og þeir sem komið hafa í Sóltúnið vita er það orðið ansi þreytt og þarfnast mikils viðhalds, það mun verða mikið heillaspor að komast í annað og betra húsnæði. Einnig verða breytingar á starfsmannahaldi á skrifstofunni, en Sigríður Kvaran sem hefur unnið hjá Lions í um aldarfjórðung hefur látið af störfum. Og vil ég þakka Siggú sérstaklega fyrir hennar starf hjá hreyfingunni, en óhætt er að segja að hún hefur sinnt sínu starfi með miklum sóma. Ég óska Sigríði Kvaran og hennar fjölskyldu alls hins besta í framtíðinni. Svo þakka ég

einnig henni Magneu fyrir samstarfið, en stelpurnar á skrifstofunni eru hafsjór af fróðleik um Lionsmálefni og gott að leita til þeirra.

Verkefni starfsársins hafa verið mörg og hófst með haustinu mikil vinna við WSD verkefnið og svo komu fleiri í kjölfarið. Nú síðast var sala á Rauðri fjöður, sem gekk vel og tóku nánast allir klúbbar á landinu þátt. Ég tel að með samvinnu okkar Lionsfélaga hafi tekist vel til í verkefnum vetrarins, og ber að þakka öllum þeim sem komu að því starfi. Lions á Íslandi er eins og ein stór fjölskylda, allir hjálpast að, vinna saman við að leggja lið. Nú langar mig að þakka umðæmisstjórnunum Einari og Ingimundi, kærlega fyrir veturinn, fjölumðæmisráði og öllu því góða fólki sem hefur aðstoðað mig í gegnum árin sem ég hef starfað í að stjórna Lionshreyfingunni þakka ég fyrir samstarfið.

Verðandi fjölumðæmisstjóra og fjölumðæmisráði óska ég alls hins besta í þeirra störfum á komandi starfsári.

Grein frá Lionsklúbbnum Múla í héraðsblaðinu Austurfrétt

Ágætu Héraðsbúar

Við félagar í Lionsklúbbnum Múla á Fljótaldshéraði óskum ykkur innilega til hamingju með þetta glæsilega hjúkrunarheimili. Í tilefni af vígslu þess höfum við ákveðið að afhenda ykkur að gjöf 55 tommu sjónvarpsflatskjái af gerðinni Samsung. Mig langar að geta þess að á árinu 2015 eiga þrjú lionsklúbbar á Austurlandi afmæli, Lionsklúbbur Seyðisfjarðar og Lionsklúbbur Eskifjarðar eru 60 ára og Lionsklúbburinn Múli á Fljótaldshéraði er 54 ára. Í tilefni þessara afmæla halda Lionsklúbbur Seyðisfjarðar og Lionsklúbburinn Múli fjölumðæmisþing Lionshreyfingarinnar á Seyðisfirði dagana 15. – 17. maí næstkomandi. Þá eru liðin 30 ár síðan síðast var haldið fjölumðæmisþing á Austurlandi sem þá var haldið á Egilsstöðum og var þá Múli þinghaldari. Helstu fjáröflunarverkefni okkar í Múla eru: útgáfa auglýsingadagatals um hver áramót, leiga ljósakrossa á leiði um jólahátíðina, einnig á klúbburinn útfararþjónustubíreið og sér um jólaskemmtun fyrir börn á Héraði í samstarfi við sveitarfélagið Fljótaldshérað. Klúbburinn leggur árlega til



peninga, ásamt fleiri félagasamtökum og fyrirtækjum, sem notaðir eru til að styrkja einstaklinga og fjölskyldur fyrir jólin. Nú í ár bauð klúbburinn uppá fría blóðsykurmælingu og nýttu það sér um 90 einstaklingar, fjórir þeirra fengu þá niðurstöðu að fara í frekari rannsókn. Einnig styrkir klúbburinn ýmis líknarmál önnur. Klúbburinn vill þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum fyrir góðan stuðning gegnum árin, án þeirra væri



þetta ekki hægt. Stofnfélagar Múla voru 54 en nú eru félagar í klúbbnum aðeins 12. Við viljum gjarnan vera fleiri og tökum vel á móti þeim sem ganga vilja í klúbbinn, jafnt konum sem körlum. Skorum við á unga fólkið að ganga til liðs við okkur en einnig eru þeir sem eldri eru og fyrrum félagar boðnir velkomnir.

Höskuldur Marinósson formaður 2014-2015

Götubörn í Mumbai fá annað tækifæri

Eftir Cassandra Bannon



Ungur drengur fær læknishjálp á Nirman heilsugæslunni í Mumbai sem Lionsklúbburinn Versova sem á og rekur.

Mumbai, hin glæsilega höfuðborg Maharashtra, er ríkasta borg Indlands. Með sína 18,4 milljónir íbúa er borgin heimili fleiri milljónera og billjónera en nokkur önnur borg landsins. Samt þjáist þessi stórborg af örþingd, gríðarlegu atvinnuleysi og heilbrigðisþjónusta er í lamasessi að minnsta kosti fyrir þá sem mest þurfa á henni að halda.

Alþjóðahjálparsjóður Lionshreyfingarinnar (LCIF) og Lionsfélagar í Indlandi eru nú að taka risastór skref til að hjálpa þeim sem eru í mestri þörf.

Í næstum 30 ár hefur Nirman heilsugæslan, sem Lionsklúbburinn Versova sem á og rekur, boðið ráðgjöf og meðferð vegna augnsjúkdóma, kvensjúkdóma, tannlækninga, meinafræði og sjúkráþjálfun fyrir hundruð lágstétta- og millistétta fjölskyldna.

Nýlega fékk Lions umdæmi 323-A3 LCIF Standard styrk að upphæð 30.000 Bandaríkjadollara til kaupa á tækjum og búnaði fyrir

þessa heilsugæslustöð. Fyrir tilstilli LCIF og Lionsfélaga á staðnum getur heilsugæslustöðin nú boðið mun betri þjónustu með nútímalegri tækjabúnaði.

Auk skorts á heilbrigðisþjónustu eru gríðarlega margir í borginni heimilisláusir og skapar það mörg félagsleg vandamál.

Lionsfélagar í umdæmi 323-A2 eiga nú í samstarfi við Samatol Foundation (óháð samtök sem hjálpa götubörnum) til að aðstoða heimilisláusa og börn sem flúið hafa að heiman og búa núna á lestarstöðvum eða á götum borgarinnar.

Þar til nýlega voru Lionsfélagar í vandræðum með að hjálpa þessum einstaklingum því hvergi var til neitt skjól fyrir þá. Nú hafa Lionsfélagar í umdæminu fengið LCIF Standard styrk að upphæð 26,822 Bandaríkjadollara til að byggja upp skjól fyrir götubörn. Þessi styrkur gerir þeim kleift að styrkja enn frekar samstarfið við Samatol Foundation, koma upp endurhæfingu og halda áfram því mikilvæga verkefni að hjálpa þeim börnum sem eru í mestri þörf fyrir hjálp.

Sex sinnum á ári eru götubörn sótt á lestarstöðvar og götur borgarinnar og farið með þau í búðirnar þar sem þau fá mat, húsaskjól, ráðgjöf og læknishjálp með skipulögðum og faglegum aðferðum.

Markmiðið með þessu er að koma þeim aftur til sinna fjölskyldna. Ef það er ekki mögulegt er börnunum komið fyrir hjá hjálparsamtökum sem útvega framtíðar úrræði eins og til dæmis fósturfjölskyldur og/eða starfsþjálfun. Hvort heldur sem er þá felst hjálpin fyrst og fremst í því að koma í veg fyrir að börnin lendi aftur á götunni en þessar einu búðir aðstoða meira en 240 börn á ári.

Með aðstoð LCIF vinna Lionsfélagar í borginni hörðum höndum að því að bæta aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu og félagslegum stuðningi fyrir illa stödd ungmenni í og kringum Mumbai.

Frekari upplýsingar um hvernig Lionsklúbbur geta sótt um LCIF Standard styrk er hægt að finna á www.lcif.org. Einnig má hafa samband við LCIF fulltrúa fjölumdæmisins eða umdæmanna.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Minning † Tómas Árnason



Við félagar í Lionsklúbbnum Ægi viljum minnast féлага okkar, Tómasar Árnasonar, sem nú er fallinn frá. Tómas, fyrverandi ráðherra og Seðlabankastjóri var fæddur 21. júlí 1923 og lést 24. desember 2014.

Tómas gerðist félagi í Lionsklúbbnum Ægi í nóvember árið 1958 og átti því 57 starfsár að baki er hann féll frá. Hann var formaður árin 1962 – 1963 og síðar á starfsárunum var hann sæmdur Melvin Jones orðu fyrir starf sitt. Hann lét sig mikilu varða tengsl

klúbbsins við Sólheimahéimilið. Hann sótti alla fundi á efri árum sínum í klúbbnum allt til þess tíma að veikindi fóru að hrjá hann.

Mikill lionsmaður og góður drengur er genginn. Við í Lionsklúbbnum Ægi þökkum Tómasi farsælt samstarf og sendum fjölskyldu hans hugheilar samúðarkveðjur.

*F.h. Lionsklúbbsins Ægis
Ágúst M. Ármann*

Lionsklúbburinn Þór

Lionsklúbburinn Þór var stofnaður 6. janúar 1956 og er því meðal elstu klúbba landsins.

Klúbburinn var í byrjun oft kallaður listamannaklúbburinn af því að það voru svo margir listamenn í honum þá. Tómas Guðmundsson, Brynjólfur Jóhannesson, Stefán Íslandi, Indriði G. Þorsteinsson og svo mætti lengi telja. Við erum auðvitað allir listamenn sem erum í klúbbum í dag. Við höfum bara ekki hátt um það!

Klúbburinn hefur haldið Þórsblót frá upphafi og var fyrstur með málverkauppböð sem fjárfloflun. Vísnavöld þar sem snillingar botnuðu vísur hvers annars áttu upptök sín í Þór en fluttust síðar yfir á Ríkisútvarpið og urðu þar með vinsælli skemmtiþáttum. Þór stóð líka fyrir geysivinsælum Andrésar andar skemmtunum í Háskólabíó um árabíl.

Lionsklúbburinn Þór studdi heimilið að Tjaldanesi nánast frá stofnun heimilisins. Þar voru þroskaheftir drengir. Við keyptum húsgögn, þjálfunartæki, gróðurhús og ótal margt fleira. Svo gáfum við vistmönnum jólagjafir og héldum grillveislur á sumrin. Nú er búið að leggja Tjaldanesheimilið niður. Við gáfum líka leikföng á barnaeldir sjúkrahúsanna auk þess sem við höfum gefið fjölmörg tæki á sjúkrahúsin. Einnig höfum við styrkt veglega heimilið í Krýsvík.

Nú höfum við tekið Daðahús á Flúðum, sumardvalarheimili á vegum Þroskahjálpar í fóstur. Þar er verk að vinna því að Þroskahjálpar hefur ekki bolmagn til viðhalds eða endurnýjunar á tækjum og áhöldum. Við höfum nú þegar gefið grill, þvottavél og húsgögn á veröndina. Fyrirhugað er að fara í vinnuferð í Daðahús í sumar.

Félagar í Lionsklúbbum Þór hafa um árabíl boðið mökum sínum í haustferð. Yfirleitt hefur verið farið á Suðurnes eða austur fyrir Fjall, en einu sinni var meira að segja farið til Wiesbaden í Þýskalandi. Margar skemmtilegar minningar eru úr þessum ferðum. Oft höfum við haft samband við Lionsklúbba á þeim stöðum sem við heimsækjum. Ein allra eftirminnilegasta heimsóknin var á Selfoss þegar við vorum svo heppin að koma á þeim degi sem Emblurnar héldu árshátíð fyrir skjólstæðinga sína. Haustferð 2013 átti að fara til Vestmannaeyja, en henni var frestað aftur og aftur vegna slæmra veðurskilyrða. Þá kom formaðurinn hann Bjarni Bjarnason með þá snjöllu hugmynd að bjóða konunum í óvissuferð. Hann sagði: „Við sendum þær í dekur en félagarnir koma heim til mín og við útbúum fínan mat á meðan dekrað er við þær.“ Þetta var samþykkt. Og sem sagt laugardaginn 13. febrúar 2014 var konunum boðið í óvissuferð. Það eina sem þeim var sagt, var að hafa með sér sundbol. Hver félagi ók sinni konu á Hótel Sögu. Þar var tekið á móti þeim með drykk að eigin vali. Síðan var þeim boðið að afklæðast og fara í heita pottinn. Svo komu tvö vöðvatröll og sóttu eina og eina í klefa þar sem þær fengu massage af fínustu gerð. Síðan komu þær heitar og sælar á barinn þar sem þær fengu drykk að eigin vali. Í fyllingu tímans var þeim tilkynnt að úti biði bíll eftir þeim. En það datt af þeim andliti þegar þær sáu farartækið. Það var yfir 10 metra hvítur límosín !! Í bílnum var gjallandi músík og reykur til að gera ferðina rómantískari. Svo var ekið í Mosfellsbæinn þar sem Þórsfélagar

tóku á móti þeim með svuntur á vömbinni. Eftir fordrykk var þeim boðið til borðs þar sem framreiddur var lostætur matur, grillaðir stórir humarhalar, nautalundir og eftirréttur að hætti Þórsfélaga. Fólk átti þarna skemmtilega stund frameftir kvöldi og voru Þórsfélagar innilega kysstir fyrir þessa skemmtilegu uppakomu.

Löng hefð er einnig fyrir því að halda lokafund klúbbsins með mökum utan höfuðborgarsvæðisins. Í ár var lokafundurinn haldinn á Flúðum laugardaginn 30. maí s.l. Við sýndum mökunum Daðahús og gáfum heimilinu 2 litlar myndir til að hengja á veggina. Við fórum í skoðunarferð um nærsveitir undir dyggri leiðsögn Kristófers Tómassonar lionsmanns og sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fundurinn sjálfur var haldinn á eþíópiska veitngahúsinu Minilik þar sem matur var borinn fram að hætti þess framandi lands. Þótti þessi dagur allur takast með afbrigðum vel.

Þessi grein er skrifuð í framhaldi af heimsókn Jóns Pálmasonar í klúbbinn. Hann sagði: „Af hverju segið þið ekkert frá starfinu hjá ykkur? Það er svo gaman hjá ykkur og þið eruð með áhugavert verkefni. En þið fáid enga endurnýjun ef þið látið ekki vita af ykkur!“ Við auglýsum hér með eftir nýjum félögum, til dæmis lionsmönnum utan af landi sem eru að flytja á höfuðborgarsvæðið.

Hægt er að hafa samband við viðtakandi formann Óskar Sverrisson, sími: 6937502, netfang: oskarfs@simnet.is.

Minning † Guðmundur Pálmason



Guðmundur Pálmason fæddist 15. júní 1929. Hann lést 26. febrúar 2015. Útför Guðmundar fór fram 6. mars 2015. Hann sagði við mig skömmu fyrir nýliðin jól, þegar við hittumst á planinu við Kirkjubraut 12: „Nú fer þetta að stytast hjá mér.“

Búinn að vera lasinn talsverðan tíma og taggrannur. Harðfullorðinn maðurinn, fæddur um miðjan júní 1929 og átti móðurættina norður í Fljót og brosti út að eyrum þegar Fljótin bárust í tal.

Brosið hans Guðmundar var hans einkenni, meitlað í andlit sem var veðurbarið og rúnum rist. Hann var hlýr í viðmóti og umhyggjusamur.

Guðmundur gekk í Lionsklúbb Akraness í marsmánuði 1974. Hann hafði áhuga á starfinu sem þar var unnið, tók að sér nánast öll þau verkefni sem hægt var á þeim 40 árum sem hann átti með félögum sínum í klúbbum. Og gott betur.

Einhverju sinni, svo dæmi sé nefnt, tók hann með sér í róður Lionsfélaga og naut hjálparsjóður klúbbsins afraksturs róðursins. Guðmundur Pálmason hlaut æðstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar, hann var gerður að Melvin Jones félagi sem er viðurkenning til minningar um stofnanda hreyfingarinnar. Góður félagi og vinur er genginn.

Sólrún, börnin sex og aðrir afkomendur eiga hug okkar á kveðjustund. Lionsbræður á Akranesi kveðja Guðmund Pálmason með virðingu og þakklæti.

Ófeigur Gestsson.

Um víða veröld - hinn heillandi heimur Lions

Eitt það svalasta við að vera Lionsfélagi er það klúbbarnir ráða sjálfir hvað þeir taka sér fyrir hendur. Og það er einmitt það sem klúbbarnir gera. Verkefni taka á sig ótal myndir. Þau geta verið eins margbreytileg og heimurinn sjálfur.

Dýðing: Edda Briem



Ástralía: Félagar í Lkl. Mossman skoða augu ungrar stúlku.



Kenýja: Lionsfélagi gróðursetur eitt af þeim 11.000 trjám sem sett voru niður á einum degi. Árið 2018 munu Lionsfélagar ásamt samherjum hafa gróðursett 15 milljónir trjáa í Kenýa.



Perú: Félagar í Lkl. Trujillo Armonia útdeila treflum og vettlingum til aldraðra.



Ítalía: Félagar í Lkl. Certosa di Pavia dást að blindasýningu sem klúbburinn stóð fyrir.



Indland: Félagar í Lkl. Kaylan sýna skólabörnum á leikrænan hátt afleiðingar neyslu lyfja og áfengis.



Taiwan: Félagi í Lkl. Tzu Tsai hefur ofan af fyrir fötluðu barni.



Brasilía: Lionsfélagi kannar sjónina hjá ungu barni.



Arizona: Félagi úr Lkl. Tucson Downtown atugar barn með sérþarfir.



Thailand: Barn fær augnskoðun í gegnum verkefni LCIF Sjón fyrir börnin.



Króatía: Lkl. Vukovar stendur fyrir þlu-keppni fyrir blinda.



Aldarafmæli Lions

Guðrún Björt Yngvadóttir

Aldarafmælisstjóri



Lions í 100 ár

Þar sem þörfin er - þar er Lions. „Where there’s a need, there’s a Lion“.

Í tilefni aldarafmælis Lions 2017 stofnaði Alþjóðasamtök Lions Aldarafmælisnefnd. Nefndinni er ætlað að skipuleggja viðburði og verkefni, setja markmið og útvega verkfæri fyrir alla Lionshreyfinguna. Verkefnið hófst 1. júlí 2014 og lýkur 30. júní 2018

Vegvísir

Árin fjögur eru skipulögð þannig í megin dráttum: Fyrsta árið 2014-2015 setja umdæmi og klúbbar sér markmið um verkefni úr höfuðflokkinum fjórum. Annað árið 2015-2016 setja umdæmi og klúbbar sér markmið um jákvæða félagapróun, fjölbreytt klúbbastarf, fleiri tegundir klúbba. Þriðja árið 2016-2017 setja umdæmi og klúbbar sér markmið um öflugt kynningarstarf á verkefnum og störfum Lions. Fjórða og síðasta árið 2017-2018 kynna umdæmi og klúbbar framtíðarsýn sína, ný markmið, verkefni og viðburðir fyrir bjartari framtíð Lions um heim allan.



Börn og ungmenni



Umhverfisverkefni

Lionsverkefni

Sett voru markmið í fjórum aðal verkefnaflokkum Lions, sem Lionsklúbbar og umdæmi vinna að árin 2014-2018. Fjórir aðal verkefnaflokkar Lions eru: Börn og ungmenni, Sjónvernd, Umhverfisverkefni og Að draga úr hungri. Markmiðið er að stórauka þjónustu í þessum fjórum flokkum, sem þýðir þá kannski að skerpa fókusinn og dreifa ekki kröftum,

peningum og tíma í of margt annað. Önnur góð og gild Lions-verkefni þurfa ekki að bíða tjón af því.

Markmiðið er að leggja lið eitt hundrað milljón manns, 25 milljón í hverjum flokki. Á Íslandi gætum við miðað við að leggja lið 200.000 manns, í hverjum flokki um 50.000 manns.



Að draga úr hungri



Sjónvernd

Félagamál

Fleiri hendur vinna létt verk, þess vegna er Lionshreyfingin sterkari með fleiri félögum. Umdæmi, svæði og klúbbar eru hvött til að setja sér markmið um jákvæða félagapróun, það er að félögum fjölgi í klúbbum, en sterkustu klúbbarnir eru að jafnaði ekki færri en 25-30 manns.

Stofna þarf nýja klúbba, því endurnýjunar er þörf, en nýir klúbbar koma með ferskt blóð inn í hreyfinguna. Má gjarna horfa til fleiri klúbbategunda; við tökum opnum örmum á móti þeim sem vilja starfa með okkur og lokum engum dyrum. Við höfum kvenna- og karlaklúbba, blandaða klúbba, fjölskylduklúbba, netklúbba og stúdentaklúbb.

Sérstök áhersla er lögð á að fá fleiri konur og yngri fólk. Bent er á mikilvægi þess að byggja upp fjölbreytt klúbbastarf, og gera það aðlaðandi fyrir nútímafólk.

Kynningarátak

Þetta er einstakt tækifæri til kynningar og markaðssóknar, skráningu sögunnar, endurskoðunar á starfinu og að byggja upp sterkari hreyfingu. Boðið er upp á sérstakan kynningarstyrk, sem fjölumdæmi geta sótt um. Fjölumdæmið setur upp „afmælis-kynningarátætlun“ og getur notað styrkinn á þessu fjögurra ára tímabili og sendir skýrslu í lok tímabilsins.

Lions-löndin geta farið þær leiðir sem best hentar á hverjum stað, en stungið er upp á nokkrum leiðum, sem gaman er að reyna og gaman að fá mismunandi reynslusögur frá mismunandi menningarsvæðum.

Dæmi: a) Lions-bókin, myndabók sem spannar alla söguna, með stuttum skýringartextum, áhersla á léttleika og líflega uppsetningu. b) Þjóða þjóðþekktum einstaklingi að vera Lionsfélagi einn dag, taka þátt í verkefnum með klúbbfélögum, taka myndir og sýna til að kynna fjölbreytileika Lions. c) Lions-

kvikmyndin: Hafa eins konar frumsýningu með rauða dreglinum, bjóða gestum, hafa fordrykk, glaum og gleði og taka mikið af myndum.

Óskað er eftir samstarfi við alla Lionsfélaga á Íslandi, við að afla gagna, ljósmynda og muna, til að lýsa sögu Lions á Íslandi. Hver og einn sem hefur hugmynd eða ábendingar er hvattur til að hafa samband við Guðrúnu Björt: gudrun@hraunfolk.net

Saga Lions

Alþjóðaskrifstofan leitaði til fyrirtækis „History Factory“ sem sérhæfir sig í söguskráningu úr gömlum gögnum, en miklar upplýsingar eru í kössum í geymslum í höfuðstöðvunum, sem enginn getur nýtt sér. Allar þessar upplýsingar verða flokkaðar og skráðar og gerður aðgengilegur Lionsfélögum á vef LCI. Leiðirnar eru þrjár:

- 1) Opnaður rafrænn gagnagrunnur, unnið úr skjölum á alþjóðaskrifstofu
- 2) LION: Valdar greinar, viðtöl og sögur úr Lionsblaðinu
- 3) Ný myndbönd verða kynnt ársfjórðungslega frá og með janúar 2015. Fyrst er sögulegt myndband um upphaf Lions og Melvin Jones

Óskað eftir upplýsingum

Lionslönd og umdæmi eru hvött til að skrá sögu sína. Einkum er bent á viðburði og verkefni sem hafa skipt sköpum.

Hér með óska ég eftir samstarfi við alla Lionsfélaga á Íslandi, við að afla gagna, til að lýsa sögu Lions á Íslandi. Hver og einn sem hefur hugmynd er hvattur til að hafa samband við gudrun@hraunfolk.net

Lions-minjar

Það er líka leitað eftir Lions-minjum, eða hlutum sem hafa þýðingu fyrir umdæmið, klúbba eða sögu Lions í heild.

Mikilvæg verkefni

Óskað er eftir upplýsingum um verkefni sem hafa verið sérstaklega mikilvæg fyrir félag, klúbba eða umdæmið í heild og hvernig Lions geti breytt lífi einhverra til hins betra.

Góðar ljósmyndir

Kallað er eftir ljósmyndum í góðri upplausn. Það geta verið hópmyndir og/eða af mikilvægum verkefnum sem skipta máli og vekja upp tilfinningar.

Elstu klúbbarnir

Lumar þú á upplýsingum eða ljósmyndum um stofnun fyrstu klúbba á ákveðnum svæðum og hvernig aðstæður voru þá, sem gerði Lions að aðlaðandi kosti?

Lionsþing á Seyðisfirði 2015



60. Lionsþing fjölmæmis 109 var haldið á Seyðisfirði dagana 15. – 16. maí.

Undirbúningur að því stóð í tvö ár, en Lionsklúbbur Seyðisfjarðar og Lionsklúbburinn Múli stóðu að þinginu. Það er mikið og krefjandi verkefni fyrir þessa fámennu klúbba að standa að þingi sem þessu, en með hjálp maka og annarra velunnara tókst þetta. Við viljum þakka öllum sem aðstoðuðu okkur sem og Seyðisfjarðarkaupstað fyrir afnot af húsnæði og að hjálpa okkur að koma því í rétt horf fyrir þingið. Sérstakar þakkir fær Kristinn Hannesson fyrir ómetanlegan stuðning.

Viðbrögð þingfulltrúa og gesta benda til

þess að þingið og viðburðir tengdir því hafi tekist vel og erum við afar ánægð og stolt af því.

Skólar verðandi embættismanna, umdæmisþingin og fjölmæmisþingið fór allt fram í Félagsheimilinu Herðubreið, Íþróttahúsi og grunnskólanum.

Kynningarkvöldið fór fram á föstudeginum í Ferjuhúsinu, þar sem Lionsmenn og gestir hittust í afslöppuðu umhverfi og nutu kvöldsins. Þar var m.a. boðið upp á kræsingar tengdar Austurlandi, ásamt undirleik og söng austfirskra tónlistarmanna. Hluti af dagskrá kvöldsins var fallbyssuskot sem góður rómur var gerður að.

Makadagskráin þótti takast vel, en boðið var upp á ferð út á Skálanes og Skálanessetur heimsótt þar sem boðið var upp á veglegan viðgjörning, ásamt gönguferð með leiðsögn að útsýnispalli við Skálanesbjarg. Á þessum tíma er fuglalíf einmitt í miklum blóma á þessum slóðum. Fullyrða má að mörgum hafi þótt þetta ógleymanlegt.

Lokahófið sem jafnframt var afmælishátíð þriggja klúbba á Austurlandi, var haldið á laugardagskvöldinu í Íþróttahúsinu. Hótel Aldan sáum um veitingar á lokahófinu sem og aðrar veitingar tengdar þinginu. Skemmtidagskrá var öll heimatilbúin, söngur glens og gaman. Danshljómsveit Friðjóns lék síðan fyrir dansi fram á nótt. Þótti þetta takast vel og var mikil og góð stemning, en 250 manns mættu á lokahófið.

Við göngum ánægð og sátst frá þessu verkefni og þökkum þeim sem heimsóttu okkur fyrir komuna, með von um að allir hafi kvatt með góðar minningar í farteskinu og bros á vör.

*Gunnar Sværriðsson
Formaður þingnefndar*



We Serve


Frá Lionsklúbbi Hveragerðis



Finnur Jóhannsson afhendir Birnu Sif Atladóttur hjúkrunarframkvæmdastjóra Áss bekkinn formlega.



Finnur Jóhannsson formaður afhendir Birnu Sif Atladóttur viðurkenningskjöld fyrir dyggan stuðning við Lkl. Hveragerðis.



Bekkurinn góði.

Mánudagskvöldið 13. apríl var Dvalar- og Hjúkrunarheimilinu Ási afhentur fullkominn skoðunarbekkur til eignar. Við sama tækifæri var Birnu Sif Atladóttur hjúkrunarforstjóra veitt viðurkenning fyrir dyggan stuðning gegnum tíðina við Lkl. Hveragerðis.

*Með Lionskveðju.
Vilmundur Kristjánsson.*

Myndir: Vilmundur Kristjánsson.

Afmælishátíð Lionsklúbbs Mosfellsbæjar



Á þessu vori fagnaði Lionsklúbbur Mosfellsbæjar 50 ára starfsafmæli. Klúbburinn var stofnaður 18. mars 1965. Afmælisins var minnst með veislu í veislusal í Ármúla 4 í Reykjavík, þar sem veitingamaðurinn og klúbbfélagi okkar Vignir Kristjánsson sá um glæsilegan kvöldverð. Þar mættum við með okkar maka en einnig var félögum í dótturklúbbi okkar – Úunum – boðið ásamt mökum. Margt var til gamans gert þetta kvöld. Fyrir utan ávörp nokkurra gesta flutti Bergvin Oddsson – Beggi blindi – skemmtilega ræðu og saga klúbbsins var rifjuð upp í máli og myndum. Skólakór Varmárskóla söng nokkur lög undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar.

Í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar eru nú 44 félagar, margir af þeim hafa á undanförunum

árum verið gerðir Melvin Jones félagar. Á afmælishátíðinni voru tveir félagar, þeir Karl E. Loftsson og Sæberg Þórðarson gerðir að ævifélögum en þeir hafa báðir starfað lengi og vel í klúbbnum.

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar hefur á þessum 50 árum komið að og styrkt margvísleg verkefni. Stærsta átaksverkefnið í sögu klúbbsins var bygging 6 íbúða húss fyrir eldri borgara að Hlaðhömrum í Mosfellsbæ sem svo var afhent bæjarfélaginu til eignar og rekstrar árið 1980. Þetta var fyrsti áfangi þess dvalarheimilis og hjúkrunarheimilis sem nú er risið á svæðinu, örugglega eitt stærsta verkefni sem nokkur lionsklúbbur hefur ráðist í.

Á upphafsárum klúbbsins var aðalfjáröflun okkar blómaræktun í gróðurhúsinu hjá Jóel

féлага okkar í Reykjahlíð og blómasala á konudaginn og fyrir páska. Á seinni árum er það hins vegar hið margrómaða herrakvöld – fiskréttahlaðborð - sem haldið er í Hlégarði um miðjan febrúar ár hvert sem gefur klúbbnum góðar tekjur af sölu aðgöngumiða, happdrætti og málverkauppboði.

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar og lionsklúbburinn Úa munu halda lionsþing vorið 2016 í Mosfellsbæ.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á afmælishátíðinni þann 19. mars s.l.



*Guðstaf Guðmundsson
Magnús Sigsteinsson*

Fréttir frá Lionsklúbbi Akraness



Víkan 19. – 25 apríl var afskaplega ánægjuleg fyrir féлага í Lionsklúbbi Akraness. Þriðjudaginn 21. apríl var haldinn aðalfundur klúbbsins, og á þeim fundi afhenti klúbburinn slysideild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi að gjöf, gjörgæslutæki, sem kostar um 2,1 milljónir króna að frádregnum virðisaukaskatti. Tæki þetta fylgist

með lífsmörkum sjúklinga svo sem hjartslætti, blóðþrýstingi og súrefnismettun. Laugardaginn 25. apríl var annar ánægjulegur dagur, en þann dag var Heilbrigðisstofnun Vesturlands afhent að gjöf nýtt tölvusneiðmyndataeki sem kostar um kr. 40.000.000. Þegar virðisaukaskattur hefur verið dreginn frá. Lionsklúbbur Akraness gaf kr. 4.000.000.- í þetta nýja tæki. Lionsmenn

á Akranesi geta verið stoltir af verkum sínum enda hafa þeir gefið á sjöundu milljón króna til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi þetta starfsárið. Þetta er afrakstur af útleigu á ljósakrossum í kirkjugarðinum og kunnum við Akurnesingum og öðrum bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Fréttir af Lionsklúbbum Öglu



Öglukonur afhenda hestamönnum hjartastuðtæki. F.v. María Guðmundsdóttir formaður verkefnanefndar Lk. Öglu, Stefán Logi Haraldsson, Kristján Gíslason, Ingibjörg Hargrave formaður Lk. Öglu og Sigrún Elíasdóttir Lkl. Öglu.



Öglukonur afhenda hestamönnum hjartastuðtæki. F.v. María Guðmundsdóttir formaður verkefnanefndar Lk. Öglu, Stefán Logi Haraldsson, Kristján Gíslason, Ingibjörg Hargrave formaður Lk. Öglu og Sigrún Elíasdóttir Lkl. Öglu.

Verkefnanefnd Lkl. Öglu ákvað að færa Golfklúbbi Borgarness og Hestamannafélaginu Skugga sitt hvort hjartastuðtækið að gjöf. Peninga til kaupa á tækjunum öfluðum við með Öglublaðinu, sölu á kertum og dagatölum og Guðrúnar frá Lundi kvöldi. Við þökkum öllum

sem styrkt hafa okkur í þessum fjáröflunum án ykkar gætum við ekki lagt það lið sem við höfum gert bæði innan og utan héraðs. Einkunnarorð Lions er jú "Við leggjum lið".

Ingibjörg

Fréttir frá Lkl. Garður



Jenný K. Harðardóttir form. að afhenda Hjálmari Árnasyni skólameistara Keilis fána klúbbsins okkar.



Undirritaður að afhenda Jonny form. Lcl. Jacksonville Host fána klúbbsins.



Skýrir sig sjálf.



Frá fundinum í USA.

stöðuna. Fundinum lauk síðan með einhverskonar látbragsleik sem minnti á urrandi ljón! Í byrjun fundarins afhent ég þeim fána klúbbsins míns, einnig gaf ég þeim alþjóðapinna fjölumdæmisins og voru þeir fljótir að setja hann í stórfánann.

Í vetur fórum við upp á Ásbrú og heim-sóttum Keili sem er miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Það er ótrúlegt hvað mikið er um að vera hjá þeim í Keili. Það er mikið framboð á ýmis konar námi, s.s. flugnám, vísindi og allt þar á milli. Auk þess sem þeir eru með ýmsar ráðstefnur sem sóttar eru af fræðimönnum allstaðar að úr heiminum. Þarna fer fram frábært starf og fer bara stækkandi.

Það sem er framundan hjá okkur er eins og undanfarin ár, þá sjáum við um bátinn Hólmstein sem Byggðasafnið í Garðinum á. Það er okkar verkefni að taka bátinn á vorin, mála og ditta að svo hann líti vel út í sumar. Þetta er flott verkefni þar sem félgarnir koma saman nokkur kvöld og vinna verkið, við vonum bara að veðurguðirnir verði okkur hliðhollari en á síðasta ári!

Lionskveðjur frá Garðinum,

Pálmi Hannesson og Sigga sem tók myndirnar í USA

Starfið í vetur hefur gengið sinn vanangang, Félagar eru 14 en því miður höfum við ekki náð að fjölga í ár, vonandi gengur það betur á næsta starfsári. Ýmislegt hefur verið gert á þessu ári, heimsókn í aðra klúbba, meðal annars heimsótti undirritaður Lionsklúbb í

Jacksonville í Norður Carolina. Það var mjög gaman að fá tækifæri til að heimsækja klúbb í öðru landi. Þessi klúbbur heldur fundi kl. 13:00 alla fimmtudaga og hefst fundurinn hjá þeim á því að hylla Ameríska fánann. Því næst er farið með borðbæn, málin rædd og farið yfir

Stofnhátíð Lionsklúbbsins Eden

Þann 5. maí 2015 var Lionsklúbburinn Eden stofnaður formlega og var stofnhátíðin haldin í Listasafninu í Hveragerði. Fjölmenni var og mikið húllumhæ og komu gestir víðsvegar að. Meðal gjafa til Edens voru borðfánar klúbba, fánaborg, bjalla, fundarhamar og blóm.

Vilmundur Kristjánsson



Háborðið; Formaður Edens, Anna Þorfinnsdóttir, umdæmistjórinn, eiginkona umdæmisstjóra, Lilja Rós Sveinsdóttir, ritari og Steinunn Þorfinnsdóttir, gjaldkeri.



Nokkrir nýjir félagar sem gengu í klúbbinn..



Lkl. Hveragerðis gaf fánaborgina, Finnur Jóhannsson, formaður og Anna Þorfinnsdóttir, formaður Lkl. Edens.



Viðtakandi stjórn Lkl. Edens starfsárið 2015-2016. Frá vinstri; Thelma Kristinsdóttir, formaður, Helga Björg Þorgeirsdóttir, ritari, Ólöf Ingibergsdóttir, gjaldkeri.

Minning † Hallgrímur Magnússon



Hallgrímur Magnússon Lionsklúbbumum Geysi 29.09.1949-21.04.2015

Hallgrímur Magnússon gekk til liðs við okkur í Lionsklúbbumum Geysi árið 2008. Þarna var kominn í okkar hóp þjóðkunnur maður og ekki var laust við eftirvæntingu meðal okkar um hvernig hann myndi passa með okkur sveitaköllunum. Það duldist hins vegar engum að þarna var ekkert venjulegur maður á ferð. Það fylgdu Hallgrími strax nýjir straumar inn í klúbbinn. Hans viðhorf og gildi voru nokkuð ólík því

sem gerðust í klúbbum. Hann var þekktur fyrir að liggja ekki á sínum skoðunum og var maður til fylgja þeim eftir. Þó þær færðu ekki alltaf saman við skoðanir annarra, virtu menn hann og hann virti okkur hina.

Sá sem þetta ritar fann fljótt að Hallgrími fylgdi hlýja og umhyggja fyrir náunganum. Trúin var honum mikils virði. Hann var hómoristi þó hann bæri það ekki utan á sér. Grunnurinn að hans lífsgildum voru manngæska og hjálpssemi. Í litla samfélaginu í Tungunum eru fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi um stórkostlegar framfarir í líðan og heilbrigði fólks sem þakka má Hallgrími. Hallgrímur stundaði starfið í klúbbum vel og hefðu síðast liðin sjö ár í sögu klúbbsins verið mun tómlægri án hans, skarð hans verður erfitt að fylla. Hann lagði mikið af mörkum í að uppfæra okkur á klúbbfundum með fróðlegum erindum, má þar nefna Magnesíum, sykursýki, háþrýsting og kandídó sveppinn. Hafðu hjartans þökk okkar, kærri Hallgrímur fyrir þessa stuttu og dýrmætu samfylgd og þann svip sem þú settir á okkar starf. Mestur er missir Sigurlaugar og fjölskyldunnar, þeim eru færðar innilegar samúðarkveðjur.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Geysi Kristófer Tómasson formaður

Fréttir frá Lionsklúbbum Æsu

Vetrarstarf Lionsklúbbsins Æsu hefur einkennst af fjölbreytileika. Eins og venja er var haldið í óvissuferð í byrjun starfsárs, að þessu sinni í Mosfellsbæ og við enduðum þann góða dag við Reykjavíkurbæinn í fallegu veðri.

Sú hefð hefur skapast hjá klúbbum að haldinn er formlegur fundur í umsjá stjórnar einu sinni í mánuði en millifundir með létta ívafi eru í höndum nefnda. Aðalfjáröflun klúbbsins er „Vinkonukvöld“, þá koma allir félagar að undirbúningi en makar okkar sjá um að þjóna til borðs. Klúbbarnir á svæði 5 vinna vel saman og á meðal verkefna í vetur má nefna blóðsykursmælingar og hið árlega Bocciamót sem haldið er í samvinnu við Nes, Íþróttafélag fatlaðra á Suðurnesjum. Við höldum sameiginlegan fund með Lionsklúbbi Njarðvíkur í janúar ár hvert, einnig höldum við sameiginlegan fund með Lionessklúbbi Keflavíkur, yfirleitt í apríl. Við tókum inn tvo nýja féлага í janúar, þær Hafdísí Friðriksdóttir og Sigríði Ragnarsdóttir.

Við vinnum markvisst að því að efla hópinn okkar og fengum í því skyni Helgu Fjólú Sæmundsdóttur, mannauðsstjóra, til að kynna fyrir okkur hugmyndafræði „Fisksins“. Helga Fjólá mun leiða okkur áfram í þessu starfi í haust.

Það eru skemmtileg verkefni framundan, Rauð fjöður í apríl og Lionsþing á Seyðisfirði, sem viðtakandi stjórn situr fyrir hönd klúbbsins, að ógleymdum Ungmennaskiptum Lions, en nokkur erlend ungmenni munu verða í heimagistingu hjá Lionskonum í Æsu í júlí.

Geirþrúður Fanney Bogadóttir



Lionsklúbburinn Kaldá



Í Íshúsi Hafnarfjarðar.



Framkvæmdastjóri Kjörís.

Starf Lionsklúbbsins Kaldár var blómlegt og skemmtilegt á síðasta starfsári.

Eins og undanfarin ár hefur verið hefð að hittast og pakka jólakortum en jólakortasalan hefur verið okkar aðalfjáröflun.

Að vanda var jólafundurinn okkar glæsilegur og hátíðlegur en hann héldum við í safnaðarheimili Fríkirkjunnar í Hafnarfirði.

Við tókum þátt í blóðsykursmælingu í samstarfi við Lionsklúbbinn Ásbjörn og Lionsklúbb Hafnarfjarðar. Mælingin gekk vel og virtist fólk vera ánægt með þetta framtak klúbbanna.

Eins og undanfarin ár höfum við spilað bingó við íbúa á Hrafnistu í Hafnarfirði og er það verkefni unnið í samstarfi við Lkl. Ásbjörn.

Við höfum ekki verið með fastan fundarstað í vetur og verið á hinum ýmsum stöðum sem er mjög skemmtilegt og veitir fjölbreytni.

Við heimsóttum Íshús Hafnarfjarðar sem er samstarf skapandi hönnuða, iðn og listamanna. Það er nýlegt fyrirtæki og var gaman að sjá hvað er mikið af ungu og efnilegu listafólki sem er að reyna fyrir sér í hönnun.

Við tókum þátt í sölu á rauðu fjöðrinni og

fengum við Brúnó sem er leiðsöguhundur ásamt fylgdarliði frá Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og var mjög fróðlegt að heyrna hvað þau höfðu fram að færa.

Lokafundur starfsársins var haldinn í Hveragerði, við byrjuðum á heimsókn í Kjörís og fengum leiðsögn um fyrirtækið hjá Guðrúnu Hafsteinsdóttur.

Þar á eftir lá leið okkar í veitingahúsið Frost og Funa, þar fengum við góðan mat og héldum þar fundinn. Tekinn var inn einn nýr félagi og einum félagi veitt Melvin Jones viðurkenning.

Samantekt gerð af Gyðu Hauksdóttir og Dagnýju B. Sigurðardóttur.



Nýr félagi tekinn í klúbbinn.



Melvin Jones félagi.

Fram fóru stjórnarskipti, sungin voru nokkur hressileg lög og síðan haldið heim.

Minning † Axel Wolfram



© Vilmundur Kristjánsson

Við kveðjum nú traustan og góðan vin okkar og Lionsfélaga Axel Wolfram. Axel gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1998 og starfaði með Lionsklúbbi Hveragerðis. Gegndi hann þar mörgum embættum, svæðisstjóri, gjaldkeri, ritari og núna síðast formaður klúbbsins okkar tímabilið 2013-2014.

Öll verk Axels rækti hann af samviskusemi og dugnaði. Það var heiður að fá að kynna honum og hans verkum. Af æðruleysi tókst hann á við sjúkdóminn sem að lokum lagði hann að velli og ekki dró hann af sér þegar við þurftum að ræða við hann um málefni klúbbsins okkar.

Einnig hafði Axel gaman að segja okkur frá áhugamálum sínum sem voru skútusiglingar. Smíðaði hann eina slíka enda lék allt í hans stóru höndum. Hann var hagleiksmaður.

Við félagarnir þökkum Axel fyrir samfylgdina og vottum fjölskyldu hans okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Þó syrti í lofti af sorganna skýi, sól er á bak við það, og birtan er minning frá samverusumri í sál, þegar haustar að.

Sigurbjörn K. Stefánsson.

f.h. Lionsklúbbs Hveragerðis.
Finnur Jóhannsson.

Lionsklúbburinn Embla

Nú er vetrarstarfinu að ljúka hjá okkur í Lionsklúbbnum Emblu, og við tekur sumarfrí til haustsins en þá tökum við upp þráðinn að nýju með fundarhöldum og góðum verkum að aðstoða okkar skjóstaðinga eins og best við getum. Það hefur verið mikið um að vera hjá okkur í vetur og margt skemmtilegt gerst, ekki annað hægt þegar saman koma 40 hressar konur. Við náðum þeirri tölu á vorkundi okkar sem haldinn var í Myrkholti í Bláskógarbyggð, þar voru teknir inn 2 nýjir félagar. Á þeim fundi heiðruðum við líka hana Kristínu okkar Þorfinnsdóttur, en við sóttum um að hún yrði sæmd Kjaransorðunni til lions og var það samþykkt og var henni tilkynnt þetta á áðurnefndum fundi. Við erum afar stoltar af henni Kristínu, og hennar góða starfi fyrir lions ekki bara með okkar góða klúbbi Emblu heldur líka fyrir Lionshreyfinguna á Íslandi. Eins heiðruðum við góðan féлага okkar til margra ára Unni Einarsdóttur og gerðum hana að Melvin Jones féлага og það átti hún svo sannarlega skilið hefur verið virkur félagi í mörg ár og gegnt mörgum trúnaðarstörfum. Fyrir í vetur gerðum við einnig annan góðan féлага okkar og verðandi formann næsta árs, Guðmundu Auðunsdóttur að Melvin Jones féлага. Hún hefur einnig verið mikill máttarstólpi í klúbbnum okkar sem ber að þakka.

Það fóru 9 hressar Emblukonur á Lionsþingið á Seyðisfirði og þar tók Kristín Þorfinnsdóttir við Kjaransorðunni. Einnig fengu 2 af okkar félögum verðlaun fyrir ljósmyndir sínar en það eru þær Guðríður P. Valgeirsdóttir, og Sigrún Jóna Sigurðardóttir, og erum við stoltar af þeim.

Á síðasta fundi sem haldinn var 19. maí, urðu svo stjórnarskipti eins og venja er á þessum tíma, sú stjórn tekur svo til starfa af fullum krafti þegar starfið hefst í haust.

Það eru alltaf næg verkefni að vinna að. Emblukonur voru aftur beðnar um að gefa bangsa í sjúkrabifreiðar, sem gefnir eru börnum sem ferðast þurfa í sjúkrabifreiðum, en það gleður þau mjög að fá bangsa og gleyma þau öllu öðru. Við slógum svo 2 flugur í einu höggi eins og í fyrra skiptið sem við gáfum bangsa og keyptum þá líka af VISS, vinnustofu fatlaðra sem eru okkar sjólstæðingar. Við létum núna útbúa litla miða sem saumaðir eru í hvern bangsa og eru þeir merktir bæði með Lionsmerkinu og eins merktir VISS. Það er mjög ánægjulegt verkefni. Við stefnum að því að halda ótrauðar áfram að aðstoða eins marga og við getum og hlökkum ávallt til að takast á við ný verkefni. Það er alltaf pláss fyrir nýjar kraftmiklar konur að koma í klúbbinn okkar og yrði tekið vel á



Emblur fengu viðurkenningar á þinginu á Seyðisfirði, þarna er Guðríður með myndina sem hún fékk viðurkenningu fyrir í Ljósmyndasamkeppninni – Arnarstaða – Naglinn var myndaður við flottar aðstæður og svo Kristín með Kjaransorðuna.



Það þótti mörgum langt að sækja þing til Seyðisfjarðar, en Emblukonur töldu það ekki eftir sér, þær voru 9 mættar á þingið



Tveir nýjir félagar teknir inn á lokafundi.



Kristín Þorfinnsdóttir fékk mikla viðurkenningu á þinginu okkar á Seyðisfirði þegar Fjölmundæmisstjóri Tryggvi Kristjánsson afhenti henni Kjaransorða sem Lionsklúbburinn hennar Lionsklúbburinn Embla var búin að veita henni.



Stjórnarskipti vorið 2015, þar er þriðja frá vinstri Guðmundu Auðunsdóttir, verðandi formaður og annar nýji Melvin Jones félagin okkar.

móti þeim sem vilja koma og starfa með okkur að góðum málum. Eins er líka svo gaman að geta glatt aðra sem á því þurfa að halda, enda er okkar kjörorð „margar hendur vinna físlétt verk“ og það virkar.

Bestu Lionskveðjur frá Selfossi með ósk um gott og gleðilegt sumar.

Guðrún Guðnadóttir, blaðafulltrúi Lkl. Emblu



Verðugur félagi Unnur Einarsdóttir fær viðurkenningu Melvin Jones. Margrét Jónsdóttir fráfarandi formaður með Unni á myndinni.

Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Kristbjörg Karlsdóttir 48 ára heimavinnandi

Nafn maka:

Gísli Gunnar Marteinsson

Heimili:

Grundarbraut 50 Ólafsvík

Ökutæki:

Kia Sorento

Klúbburinn minn:

Lionsklúbburinn Rán



Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Helstu viðfangsefni klúbbsins eru að styðja og styrkja okkar nærsamfélag og heimabyggð.

Fjáröflun:

Lionsklúbburinn Rán tekur að sér þríf á félagsheimilinu Klifi og einnig tókum við að okkur erfidrykkjur

Sérkenni:

Sérkenni klúbbsins eru sterkur liðsandi og samheldni félaga.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt)

Eftirminnilegast er hversu lionsstarfið er margbreytilegt og áskoranirnar eru margvíslegar að þora að stíga út úr kassanum og verða formaður það var áskorun sem ég tók og sé ekki eftir. Lokafundur okkar hafa verið mjög skemmtilegir og sögur af þeim eru ekki til frásagnar en upp úr stendur ferð sem klúbburinn fór í til Berlínar fyrir 2 árum

Fyrir hvað ertu stoltust af að vera Lionsfélagi?

Stoltust er ég af því hvað klúbburinn minn er duglegur að styrkja samfélagið okkar.

Viltu breyta einhverju í klúbbnum þínum og í Lionshreyfingunni yfir höfuð?

Ég hef engar sérstakar skoðanir á því hverju ég vil breyta hjá Lionshreyfingunni en í mínum klúbb tel ég ekki að breytinga sé þörf

Hvers vegna ert þú Lionsfélagi?

Ég er Lionsfélagi vegna félagsskapsins og því sem Lions stendur fyrir.

Var eitthvað sem kom þér á óvart þegar þú gekkst í Lionshreyfinguna?

Það sem kom helst á óvart var að hversu fjölbreytt starf er unnið og hvað félagsskapurinn er sterkur og góður meðal lionsfélaga um allt land.

Hvar liggja tækifærin í Lionshreyfingunni?

Tækifæri Lions liggja helst í því að eflast meira á landsvísu og styðja við klúbba sem lítil starfssemi er í og vinna að góðum málefnum sem allir hafa hag af.

Hvað myndir þú gera ef þú værir einráð í klúbbnum?

Aldrei myndi ég kæra mig um að vera einráð í klúbbnum, það segir sig sjálf að þá væri klúbburinn ekki eins og hann er, samheldni, vinátta og vinnusemi klúbbfélaga er hópavinna ekki eitthvað sem ein manneskja getur gert vel.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Mínn uppáhaldsmatur er lambalæri það er ekkert sem toppar það.

Hver eru áhugamálin hjá þér?

Áhugamálin eru nokkur gæti sagt útivist, lestur fagurbókmennta eða eitthvað slíkt en að þrjóna er nú númer eitt og svo er letiferðir á sólarstrendur líka númer eitt.... Og stangveiði er einnig eitthvað sem ég hef mjög gaman að.

Hvað viltu segja um þína heimabyggð?

Mín heimabyggð er Snæfellsbær þar finnst mér gott að búa og samfélagið er gott.

Að lokum vil ég hvetja alla Lionsfélaga sem ekki hafa farið í Leiðtogaskóla Lions að íhuga það, þar er mikil og góð kennsla fyrir félaga og sérstaklega fyrir þá sem ætla sér í stjórnarstörf fyrir sína klúbba og síðast en ekki síst er svo gaman að kynna félögum í öðrum klúbbum.

Verum stolt af því að vera Lionsfélagar.

Lionsklúbbur Selfoss 50 ára



Melvin Jones félagar.



Frá stofnskrárfundi Lionklúbb Selfoss.



Frá afhendingu gjafa til Fossbúa.

Þann 13. apríl 1965 var Lionsklúbbur Selfoss stofnaður er hann því 50 ára í ár. Stofnfélagar voru 15 en nú eru félagar 33, þar af einn stofnfélagi. Klúbburinn hefur ávallt verið öflugur og frjór, hann hefur alltaf haft líknar-, menningar- og umhverfismál að leiðarljósi í sínu starfi og einkum sinnt slíkum verkefnum í nærumhverfinu, en klúbburinn hefur einnig stutt verkefni bæði á landsvísi og á alþjóðavettvangi. Aðalfjáröflun líknar- og menningarsjóðs klúbbsins hefur verið útgáfa á Jólblaði Lions sem klúbburinn hefur gefið út í 32 ár. Í blaðinu er fróðleikur og greinar eftir lionsfélaga ásamt jólakveðjum frá fyrirtækjum í Árborg og nágrenni. eru þeim færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Á 50 ára afmælisdeginum veitti klúbburinn styrki til líknar- og menningarmála í þágu ungmenna, samtals að fjárhæð ein og hálf milljón króna sem skiptist á fjóra aðila. Þeir eru VISS, vinnu og hæfingarstöð fatlaðra, Skátafélagið Fossbúar, Björgunarfélag Árborgar og Lúðrasveit Selfoss. Tilgangurinn með veitingu þessara styrkja er að efla unglिंगastarf. Það er ósk klúbbsins að fjármunum þessum verði varið til að byggja upp aðstöðu og til kaupa á tækjum sem nýtast til framtíðar fyrir æsku Árborgar og nágrennis.

18. apríl var haldin vegleg afmælishátíð með félögum og mökum á Hótel Kötlu Höfðabrekku í Mýrdal. Á þessum tímamótum þótti við hæfi að veita fjórum félögum okkar

Melvin Jones viðurkenningu, þeir sem hana fengu eru, Birgir Árdal Steingrímsson, Gylfi Guðmundsson, Hannes Stefánson og Valgeir Bjarnason. Alls hefur Lkl. Selfoss veitt 21 félaga Melvin Jones viðurkenningu. 16 eru nú starfandi í klúbbum. L.kl Suðri í Vík bauð félögum og mökum í fróðlega og skemmtilega rútuférf með leiðsögn um Mýrdalinn sem endaði með móttöku og veitingum á nýjum veitingastað Svarta fjaran, hafi þeir þökk fyrir góðar móttökur.

Ólafur Sigurðsson, ritari LK. Selfoss.



Jón Ingi í ræðustól.



Ingunn formaður þakkar fyrir.



Fjöldasöngur.



Ingibjörg og Héðinn.



Á Dyrhólaey



Heilsubót í pottinum.



Leiðsögn.

Lionsklúbbur Húsavíkur 50 ára

Lionsklúbbur Húsavíkur var 50 ára 5.mars síðastliðinn og var svo heppilegt að það bar upp á fundardag og gerðum við okkur smá dagamun (fundarmun) þar sem heldur var lagt meira í mat og drykk en auðvitað sá stofnfélagi okkar Árni Vill um matinn. Það var svo 28. mars sem við buðum til afmælisfagnaðar í Heiðarbæ og buðum styrktaraðilum klúbbsins og velunnurum ásamt því að allir klúbbar á svæði 6 í 109B fengu boðsmíða fyrir tvo. Auk þess var fjölmæmisstjóra, umdæmisstjóra og svæðisstjóra ásamt mökum boðið til þessarar veislu. Boðið var upp á sjávarrétti og hófst þetta allt á forrætti sem var lundasúpa og síðan fiskihlaðborð sem samanstóð af hinum ýmsum fisktegundum sem voru framandi fyrir flesta. Þær tegundir sem voru í boði má m.a. nefna; ýsu, grafna grálúðu, löngu, hlýra, steinbít, langhala, snarphala, trjónufisk, slétthala, karfa, aldamóta karfa, plokkfisk og rúgbrauð, saltfisk og margt fleira, og svo desert með rjóma. Þessa snilldarrétti galdraði gjaldkeri klúbbsins Logi Hákonarson fram.

Formaður Lkl. Húsavíkur Bergþór Bjarnason setti því næst samkomuna og lýsti sögu Lkl. Húsavíkur í stuttu máli og kom fram í máli hans að á þessum 50 árum hefði Lkl. Húsavíkur veitt rúmum 50 milljónum til samfélagsins sem er rúm milljón á ári að meðaltali. Árni Vilhjálmsson flutti erindi frá fyrsta ritara klúbbsins, Grími Leifssyni en Árni er stofnfélagi og var fyrsti gjaldkeri klúbbsins og með þeim í fyrstu stjórninni var Ásgeir Höskuldsson formaður, en hvorugur þeirra, Ásgeir eða Grímur gátu verið viðstaddir hátíðina, Tveir stofnfélagar eru enn starfandi í klúbbum, þeir Árni Vilhjálmsson og Vilhjálmur Pálsson.

Eins og búast mátti við var klúbbum færðar margar gjafir og ýmsir tóku til máls við það tækifæri, þar á meðal Tryggvi Kristjánsson fjölmæmisstjóri og Stefán Árnason umdæmisstjóri ásamt fulltrúum

nokkurra klúbba. Bergþór Bjarnason formaður kallaði síðan fulltrúa allra klúbba og styrktaraðila sem mættir voru í myndatöku og afhenti þeim fána klúbbsins í þakklætisskyni.

Spilað og sungið var meðan á borðhaldi stóð og stjórnaði Einar Georg Einarsson veislustjóri þessu öllu saman á milli þess sem hann fór með óborganlegar vísur og sögur og svo endaði hátíðin með smá dansi-balli, þar framkölluðu þeir Guðni Braga og Siggí Illuga þessa líka ljúfu tóna.

Lítum á nokkrar myndir þessu til staðfestingar.



Fréttir frá Lionsklúbbi Búðardals

Starfið í vetur hefur verið með nokkuð hefðbundum hætti. Þó hafa verið tekið upp nokkur nýbreyttni sem hefur lagst vel í félagi í klúbbum. Sem dæmi var ákveðið nýtt fundarform þ.e. einn fundur í mánuði er „venjulegur fundur“ og annar fundurinn er „vinnufundur“. Eins breytti klúbburinn fundarstað og fundartíma og hefur það mælst vel fyrir meðal félaga og er mæting á fundi nú með betra móti og

vonandi verður framhald á. Hér má sjá nokkar myndir frá seinni hluta starfsársins eins er ein mynd af félögum úr Lionsklúbbi sem voru á ferð hér um Dali á lokafundi sínum og mætti blaðafulltrúi klúbbsins auðvitað og tók mynd af þessum höfðingjum.


Porkell Cýrusson blaðafulltrúi Lkl. Búðardals



Félagar úr Lkl. Akraness heimsóttu Dali nú í vor.



Inntaka nýs félaga, Reynir Guðbrandsson.



Guðjón (Dalli) heldur tölu í „guðlegu ljósi“.

Lionsklúbburinn Keilir

Lionsklúbburinn Keilir fagnar 40 ára afmæli LÍ ár og af því tilefni langar okkur að segja örlítið frá því hvað við gerðum skemmtilegt á árinu. Í byrjun árs héldu Lionsklúbbarnir á Suðurnesjum og Nes, Íþróttafélag fatlaðra á Suðurnesjum Boccia mót, þar sem fjöldi þátttakenda kom saman. Auk félaga frá Lions og Nes voru keppendur frá lögreglu, slökkviliði og sjúkraflutningamönnum sem og þátttakendur frá ýmsum fyrirtækjum. Fór svo að lokum að liðsmenn Keilis, Jórunn Erla Stefánsdóttir og Ragnar J. Henriksen auk Sigríðar K. Boyd Ásgeirsdóttur frá Íþróttafélaginu Nes, báru sigur úr býtum. Í því tilefni var haft samband við Jórinni og segir hún svo frá: *Þegar við fórum af stað hugsaði ég að við myndum tapa því við höfðum áður tekið þátt og þá dottið út í fyrsta leik. Við spiluðum á móti hinum og þessum liðum og vorum alltaf yfir, svo alveg í restina þá stóðu uppi tvö lið, við og lið frá lögreglumönnum. Það var keppt og liðin urðu hníffjöfn, þá þurfti bráðabana og við vorum svo "heppin" að hafa betur. Ragnar spurði einn mótspilarann, hefur þú spilað lengi? Ja..., svaraði hann, alveg frá því kl. 10 í morgun.*

Þá héldum við skemmtilegt þorramblót í lok janúar þar sem ljúffengur þorramatur var í boði og sjálfsögðu fljótandi veigar með. Hápunktur kvöldsins var veglegt happdrætti þar sem vinningar voru ekki af verri endanum. Góðir gestir komu til okkar frá Grindavík og Garði auk Einaris Þórðarsonar umdæmissjóra.

Voru okkur færðar góðar gjafir í tilefni afmælisins, m.a fallett málverk af Snæfells-



jökli, sem málað var af listakonunni Þórunni Guðmundsdóttur sem nú er látin og var verkið gefið í minningu hennar. Við viljum nota tækifærið og þakka gestum okkar fyrir góða samveru og hlýjan hug.

Svo skelltum við okkur í Keilu þar sem sáust ýmsir taktar og skemmtu allir sér vel. Að lokum var farið í ferð til Hellu þar sem gist var á hóteli Stracta og var sú ferð ákaflega vel heppnuð. Við það tækifæri var þremur félögum veitt Melvin Jones viðurkenning. Formaðurinn, Inga Rut Hlöðversdóttir veitti

hana formlega og félagarnir eru Anna Hlöðversdóttir, Ólafur Kristmundsson og Jóhanna Lára Guðjónsdóttir. Viðurkenningin er veitt fyrir mikið og fórnfúst starf í þágu hreyfingarinnar og er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar.

Með bestu kveðjum til ykkar kæru lionsfélagar

*f.h. Lionsklúbbsins Keilis
Íris Bettý Alfreðsdóttir*

Fræðslukorn

Melvin Jones

Helen Keller var bandarísk, rithöfundur og fyrirlesari sem að sigraðist á umtalsverðum hindrunum þrátt fyrir fötlun sína og var mörgum fötluðum umtalsverð fyrirmynd og hvatning. Þegar að hún var 19 mánaða gömul fékk hún snögga og heiftarlega sýkingu og upp frá því var hún bæði heyrnarlaus og blind. Henni tókst þrátt fyrir þessa fötlun sína að klára háskólanám með fyrstu einkunn.

Árið 1925 skipti sköpum í sögu Lionshreyfingarinnar þegar að Helen Keller flutti ræðu fyrir lionsmenn á Alþjóðþingi sem að haldið var í Ohio í Bandaríkjunum. Hún skoraði á lionshreyfinguna að verða „riddarar hinna blindu í baráttunni gegn myrkri“.

Síðan þá hefur Alþjóða Lionshreyfingin verið staðföst í því að hreinsa heiminn af augnsjúkdómum og blindu sem að hægt er að koma í veg fyrir og laga með litlum tilkostnaði og veita þjónustu fyrir fólk sem er blint og/eða mjög sjónþapurt.



We Serve



1925



Lions verður
"riddarar hinna
blindu í baráttunni
gegn myrkri"

Fréttir frá Lkl. Höfða vorið 2015



Í lok síðasta starfsárs þann 4. maí 2014 var klúbburinn með skemmtun fyrir eldri íbúa á félagssvæði Höfða í félagsheimilinu Höfðaborg. Þar var boðið upp á veitingar og skemmtiatriði og mættu tæplega 100 manns og tókst skemmtunin mjög vel. Þeir Gísli Einarsson fyrrverandi félagi í Höfða og Gunnar Rögnvaldsson á Löngumýri voru með skemmtiatriði og gerðu þeir stormandi lukku eins og þeim er einum lagið. Þá reyndu félagar í Höfða að leggja sitt af mörkum til skemmtunar og má þar helst nefna Harald Þór sem jós úr sínum viskubrunnum sem bæði eru víðir og djúpir, við mjög góðar undirtektir áheyranda.

Á því starfsári sem nú er að ljúka hefur klúbburinn styrkt Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki með tækjagjöfum og þá styrktum við félagsheimilið Höfðaborg, áttthagafélagið Geisla í Óslandshlíð og grunnskólana á Sólgorðum og Hólum. Við styrktum líka Alþjóðahjálparsjóð Lions vegna ebólu faraldursins í Vestur Afríku og einnig styrktum við Íþróttafélag fatlaðra og einstakling sem á við veikindi að stríða.

Eins og undanfarin ár þá lögðum við jolasveinum lið í annrúki þeirra fyrir jólin.

Það er síldarsalan sem gefur okkur mestu tekjurnar og einnig seljum við blóm á konudaginn líkt og verið hefur, en við erum hættil að selja ljósaperur. Eins og undanfarin ár þá höfum við verið í mjög góðu samstarfi við klúbbana hér í nágrenninu og fórum við á fund hjá Björkunum á Sauðárkróki, en þangað var boðið lionsfélögum í Skagafirði og var það mjög góð samkoma.

Bjarkirnar komu á fund til okkar í Höfða nú í vor og þá komu félagar í Lionsklúbba Skagafjarðar í heimsókn til okkar fyrir í vetur. Einnig fórum við á fund hjá Lkl. Dalvíkur eins og venja hefur verið um árabil og það er alltaf gaman að heimsækja Dalvíkinga.

Þá héldu Lionsklúbbarnir í Skagafirði sameiginlega árhátíð líkt og undanfarin ár og var hún haldin á Sauðárkróki. Síðan var það saltkjötsfundurinn hjá Lionsklúbba Skagafjarðar, en sá fundur nýtur mikilla vinsælda og saltkjötið og baunirnar sem þeir bjóða upp á, er jafnvel talið hafa lækningamátt, að mati sumra ágættra manna. Þessar heimsóknir milli klúbbanna er mjög skemmtilegar og gefandi fyrir okkur lionsfélaga.

Síðasti fundur Höfða á þessu starfsári var á

Siglufirði þann 22. apríl s.l. og var þá konum klúbbfélaga boðið eins og venja er á síðasta fund hvers starfsárs. En þetta mun vera fyrsti fundur í Höfða sem haldin er á Siglufirði.

Þann 15. des 2014 voru 40 ára frá stofnun klúbbsins og á slíkum tímamótum sem þessum er nauðsynlegt að líta til baka yfir farinn veg, og vega og meta hvernig til hefur tekist og hverju við höfum skilað til þessa samfélags okkar hér út að austan. Ég er nú ekki alveg hlutlaus í þessu máli, en ég tel að við höfum á þessum áratugum lagt talsvert af mörkum til þess að hlúa að mörgum verkefnum á félagssvæði klúbbsins. Á þessum árum þá höfum við reynt ýmsar fjáraflanir sem skilað hafa mismiklu, en þó gert okkur mögulegt að styrkja ýmis málefni og við höfum reynt að leggja lið, þar sem þess hefur verið þörf. Og við þökkum af allhug þær góðu viðtökur sem við höfum ætíð fengið hjá íbúum hér á svæðinu, þegar við höfum leitað til þeirra með okkar fjáraflanir. Það sýnir að fólk metur starf klúbbsins og hefur stutt okkur mjög vel öll þessi ár. Því það eru íbúarnir hér sem og margir aðrir sem hafa gert okkur mögulegt að leggja góðum málum lið og styrkja ýmis framfarumál hér í sveitarfélaginu. En klúbb-

starfið snýst ekki eingöngu um fjáraflanir, þó vissulega séu þær nauðsynlegar til þess að klúbburinn hafi bolmagn til að styrkja þau verkefni sem leggja þarf lið hverju sinni. Fundirnir þurfa að vera skemmtilegir svo félagarnir hlakki til fundanna og hafi gaman af starfinu. Það hefur verið lán okkar í Höfða að hafa í klúbbnum menn sem eru ekki leiðinlegri en gengur og gerist og er því oft mjög gaman á fundum, og gjarnan slegið á létta strengi.

Líkt og verið hefur þá starfar dagskrárnefnd í klúbbnum sem fær ræðumenn til þess að vera

með eitthvert efni og hafa mörg áhugaverð málefni verið til umræðu nú í vetur.

Við höfum haldið þeirri venju að tveir félagar sjá um kaffi og meðlæti fyrir hvern fund og síðan kaupum við kaffið á afar sanngjörnu verði og rennur sú upphæð í félagasjóð. Þetta fyrirkomulag er mjög gott að okkar mati og það er nauðsynlegt fyrir félagana að sletta í form af og til, og þess ber að geta að margir eru allgóðir við bakstur, en aðrir nota þó frekar einfaldar uppskriftir, en baka ágætisbrauð eigi að síður.

Við tökum ekki undir það sem einstaka

menn hafa haldið fram, að eldri félagar í klúbbnum séu leiðinlegir og fæli frá frekar en hitt. Það er eitthvað sem er óþekkt hjá okkur í Höfða. En það er auðvitað stór spurning hvernig starf klúbbsins muni þróast í framtíðinni, en við vonum að það verði áfram þróttmikið og gefandi, bæði fyrir okkur félagana og þá sem hér búa.

Pálmi Rögnvaldsson

Lionsklúbburinn Eik í Garðabæ 30 ára



Helgina 30. og 31. maí s.l. fögnuðu félagar Lionsklúbbsins Eikar í Garðabæ, ásamt mökum sínum, 30 ára afmæli klúbbsins. Ákveðið var að fara út fyrir heimabyggð með hátíðina og leggja við hana árlega vorferð klúbbsins svo að úr yrði vegleg hátíðarferð. Stykkishólmur varð fyrir valinu. Lagt var af stað upp úr kl 10:00 á laugardegi og ekið til Borgarness. Þar var ekið um staðinn og síðan stoppað í Skallagrímgarði þar sem snæddur var léttur hádegisverður í mildu og þægilegu veðri. Síðan var haldið áfram sem leið liggur til Stykkishólms þar sem félagar fengu sinn íverustað. Því næst var ekið um staðinn undir

leiðsögn Lárusar Hannessonar, sem er „hreinræktaður Hólmari í nokkra ættliði“ eins og hann orðaði það. Eftir það fóru sumir í siglingu, aðrir í gönguferðir eða eitthvað annað. Um kvöldið var aðalhátíðin með fordrykk, gómsætum og huggulega fram bornum kvöldverði ásamt skemmtidagskrá og afhendingu viðurkenninga. Veislustjóri var fyrrnefndur Lárus sem var einnig nokkuð stór hluti af skemmtidagskránni. Í lokin var stiginn dans.

Að loknum morgunverði daginn eftir var ekið út fyrir nesið með tilheyrandi stoppum og skoðun á áhugaverðum stöðum og

náttúruyrirbærum sem yndislegt var að njóta í því fallega veðri sem við fengum. Skemmtilegt var hversu margir í hópnum deildu með okkur sögum og fróðleik um svæðið. Gaf það meira líf í ferðalagið. Ferðinni lauk svo í Garðabæ, en þangað komum við öll sæl og ánægð kl. 18:30 á sunnudag.

Eikarkonur þakka félögum sínum í afmælisnefndinni kærlega fyrir mjög vel skipulagða afmælishátíðarferð og vel heppnaða í alla staði.

F.h. Lionsklúbbsins Eikar.

Samskipta- og fjölmiðlanefnd: Þúnn og Auður



Lionsþing fjöllumdæmis 109 haldið á Seyðisfirði 15. og 16. maí 2015

